

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Veið-fiskræktarfélag Landmafréttar Galtalæk



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	27.9.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Veið-fiskræktarfélag Landmafréttar	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Heimili</b>	Meiri-Tunga 1B	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	630580-0999	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Valtýr Valtýrsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Erlendur Ingvarsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í stöð Veiði- og fiskiræktarfélag Landmannafréttar til þess að staðfesta að um starfsemi væri að ræða í stöðinni en skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki verið skráður hjá Umhverfisstofnun.

Fimm frávík komu fram við eftirlitið er varðar starfsleyfisskyldan rekstur án starfsleyfis, losun efna, skráningar, frárennsli og viðbragðs- og neyðaráætlanir.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun. Aðstæður voru skoðaðar. Um er að ræða þrjú ker sem urriðaseiði af náttúrulegum stofnum eru alin í til sleppinga. Ummerki um framkvæmdir voru á svæðinu við eftirlit, verið var að byggja yfir kerin. Kerin standa á bakka Galtalækjar og frárennslið frá þeim liggur beint út í lækinn, án nokkurrar hreinsunar.

### Frávík frá

### Lýsing á frávíki

6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi

Engar skráningar eru til staðar varðandi úrgangslausun, losun efna út í umhverfið, framleiðslumagn eða aðrar skráningar skv. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.

Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.

Rekstraraðili skal gera viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til tímabundinnar eða ótímabundinnar rekstrarstöðvunar kemur.

Gr. 2.1, 2.6 og 3.1 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.

Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka, frárennsli sem berst beint í viðtaka skal miða við að lágmarki eins þreps hreinsun.

12. gr reglugerðar 796/1999 um varnir Öll losun mengandi efna í vatn er óheimil án starfsleyfis.  
gegn mengun vatns

#### **ÁBENDINGAR**

Rekstraraðili skal tryggja að skyldur hans skv. kafla IX í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit séu uppfylltar.

#### **ANNAÐ**

Rekstraraðila er bent á að sækja þarf um starfsleyfi fyrir reksturinn ellegar hætta rekstri.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.12.2018



Hulda Soffía Jónasdóttir